

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 24. september 2021

Mál nr. E-3451/2020:

Logis lögmenn ehf.

(Eggert Páll Ólason lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Ólafur Helgi Árnason lögmaður)

Dómur

Mál þetta var höfðað 29. maí 2020. Stefnandi er Logis lögmenn ehf., Suðurlandsbraut 14, Reykjavík, og stefndi íslenska ríkið, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega að rift verði ótilhlýðilegum ráðstöfunum sem hafi falist í greiðslum Norðurslóðagáttarinnar ehf. til stefnda, samtals að fjárhæð 27.652.194 krónur og greiddar voru með eftirfarandi hætti: 5.000.000 króna 9. nóvember 2016, 982.814 krónur 17. nóvember 2017, 1.992.968 krónur 11. janúar 2018, 98.633 krónur 13. febrúar 2018, 512.103 krónur 22. febrúar 2018, 388.296 krónur 22. febrúar 2018, 500.000 krónur 13. september 2018, 3.500.000 krónur 8. nóvember 2018, 1.900.000 krónur 29. janúar 2019, 224.983 krónur 21. febrúar 2019, 600.770 krónur 21. febrúar 2019, 700.000 krónur 21. mars 2019, 1.000.000 króna 22. mars 2019, 9.211.627 krónur 9. apríl 2019 og 1.040.000 krónur 31. maí 2019. Stefndi verði dæmdur til að greiða þrotabúi Norðurslóðagáttarinnar ehf. 27.652.194 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. júlí 2020.

Til vara er þess krafist að rift verði greiðslum Norðurslóðagáttarinnar ehf. til stefnda sem skertu greiðslugetu þrotabúsins verulega, samtals að fjárhæð 18.677.380 krónur, og greiddar voru með eftirfarandi hætti: 500.000 krónur 13. september 2018, 3.500.000 krónur 8. nóvember 2018, 1.900.000 krónur 29. janúar 2019, 224.983 krónur 21. febrúar 2019, 600.770 krónur 21. febrúar 2019, 700.000 krónur 21. mars 2019, 1.000.000 króna 22. mars 2019, 9.211.627 krónur 9. apríl 2019 og 1.040.000 krónur 31. maí 2019. Stefndi verði dæmdur til að greiða þrotabúi Norðurslóðagáttarinnar ehf. 18.677.380 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. júlí 2020.

Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans en til vara lækkunar og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik

Bú Norðurslóðagáttarinnar ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands eystra 24. september 2019, en frestdagur við skiptin er 25. janúar 2019 og kröfulýsingafresti lauk 30. nóvember 2019. Stefnandi er meðal þeirra sem lýstu kröfu við gjaldþrotaskiptin og rekur mál þetta að sögn á grundvelli 130. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Norðurslóðagáttin ehf. mun hafa átt í greiðsluerfiðleikum um árabíl. Samkvæmt ársreikningum fyrirtækisins vegna áráanna 2016 og 2017, sem eru meðal framlagðra skjala, mun fyrirtækið hafa rekið upplýsingamiðlun, ásamt þróun og rekstri vefseturs með tilheyrandi hugbúnaði. Ráða má af ársreikningunum að félagið hafi verið að þróa þann hugbúnað sem starfsemin hafi átt að snúast um og lítt verið byrjað að hafa tekjur af rekstrinum þar sem meginhluti tekna þessi ár fólust í styrkjum og háar fjárhæðir vegna þróunarkostnaðar voru eignfærðar. Fram kemur einnig í ársreikningum að enginn tekjuskattur sé greiddur vegna tapreksturs en umtalsverður hluti rekstrarkostnaðar felist í launakostnaði. Verulegar fjárhæðir hafa væntanlega safnast upp vegna ógreiddrar staðgreiðslu launa en einnig hafa vangoldin lífeyrissjóðsiðgjöld numið verulegum fjárhæðum. Samkvæmt ársreikningum áráanna 2016 og 2017 var tap bæði árin og var eigið fé félagsins neikvætt. Samkvæmt yfirliti úr vanskilaskrá Creditinfo, dagsettu 20. ágúst 2018, var einu sinni gert árangurslaust fjárnám hjá félaginu á árinu 2014, tvisvar á árinu 2015, þrisvar á árinu 2017 og einu sinni á árinu 2018. Ítrekað mun hafa verið óskað gjaldþrotaskipta áður en félagið var á endanum úrskurðað gjaldþrota.

Norðurslóðagáttin ehf. mun hafa verið í ítrekuðum vanskilum við stefnda vegna vangoldinna opinberra gjalda og þess ítrekað verið krafist af hálfu stefnda að fyrirtækið yrði tekið til gjaldþrotaskipta á þessu árabíli. Lögmaður sá sem er forsvarsmáður stefnanda mun í það minnsta frá árinu 2018 hafa unnið í þágu fyrirtækisins, meðal annars við hagsmunagæslu gagnvart stefnda, eftir því sem lýst var yfir við málflutning. Samkvæmt þeim yfirlýsingum og gögnum málsins áttu lögmaðurinn og forsvarsmáður fyrirtækisins í umtalsverðum rafrænum samskiptum, sem og símleiðis, auk funda með starfsmönnum embættis Sýslumannsins á Norðurlandi eystra þar sem skuldir

Norðurslóðagáttarinnar ehf. vegna opinberra gjalda voru til umfjöllunar. Í samskiptum þessum mun hafa verið leitað samninga um að fresta innheimtuaðgerðum og dreifa greiðslum til að freista þess að bæta úr vanskilum á opinberum gjöldum. Ítrekað voru gerðir samningar um greiðsluáætlanir sem ekki gengu eftir. Óumdeilt er að fyrirtækið greiddi stefnda þær greiðslur sem raktar eru í dómkröfu stefnanda og krafist er riftunar á.

Samkvæmt skrá skiptastjóra yfir lýstar kröfur lýsti stefnandi reikningskröfu í þrotabúið að fjárhæð 9.442.959 krónur á grundvelli 109. eða 111. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., en þar af samþykkti skiptastjóri kröfu að fjárhæð 1.392.278 krónur sem almenna kröfu samkvæmt 113. gr. laganna en hafnaði kröfunni að öðru leyti, eins og fram kemur í kröfuskra frá 2. júlí 2020. Því var lýst af hálfu stefnanda við málflutning að stefnandi hefði mótmælt þeirri afstöðu skiptastjórans en ekki væri búið að ljúka þeim ágreiningi á vettvangi þrotabúsins.

Stefndi lýsti upphaflega kröfu að fjárhæð 14.062.924 krónur sem almennri kröfu í þrotabúið en afturkallaði hana síðar þar sem hún var greidd af forsvarsmanni Norðurslóðagáttarinnar ehf. með fjármunum félagsins sem hann hafði undir höndum, að því er fram kom við málflutning af hálfu stefnanda. Stefndi lýsti síðar að nýju kröfu, sem skiptastjóri samþykkti sem almenna kröfu, að fjárhæð 18.877.380 krónur, í kjölfar greiðslu stefnda til þrotabúsins að þeirri fjárhæð, eins og nánar er rakið hér síðar.

Þess skal getið að í málinu liggja engin gögn fyrir sem stafa frá þrotabúinu önnur en kröfuskra. Þannig nýtur ekki við fundargerða skiptafunda né þess hver afstaða skiptastjóra til málshöfðunar þessarar er umfram staðhæfingu stefnanda þess efnis að skiptastjóri hafi samþykkt að stefnandi ræki mál þetta.

Stefnandi sendi Sýslumanninum á Norðurlandi eystra bréf 13. mars 2020 þar sem efni bréfsins var skilgreint sem „riftun á greiðslum þb. Norðurslóðagáttarinnar ehf. kt. 620372-0569 til sýslumannsins á Norðurlandi eystra“. Í bréfinu var, með vísan til 134. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., rift greiðslum til stefnda frá 25. júlí 2018 til 25. janúar 2019, sem greiddar hefðu verið af „þb. Norðurslóðagáttarinnar ehf. eða fyrir hönd þrotabúsins“ og vísað til yfirlita yfir greiðslur til sýslumannsins frá 1. janúar 2018 til 12. febrúar 2020. Þá var tekið fram að með vísan til 139. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. væri öllum greiðslum „þb. Norðurslóðagáttarinnar ehf. eða fyrir hönd þrotabúsins“ eftir frestdag til sýslumanns rift, frá 25. janúar 2019 til þess dags sem bréfið var ritað, og vísað til yfirlits yfir greiðslur til sýslumannsins frá 1. janúar 2019 til 12. febrúar 2020. Þau yfirlit eru ekki lögð fram í málinu. Þess var getið að til vara væri greiðslum rift á

grundvelli 141. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Tekið var fram að stefnandi, sem kröfuhafi í þrotabú Norðurslóðagáttarinnar ehf., rifti þessum greiðslum fyrir hönd þrotabúsins með heimild í 130. gr. laganna þar sem hann hefði lýst því yfir við skiptastjóra að hann myndi sækja þessa hagsmuni á eigin kostnað og eigin áhættu. Loks var tekið fram að allar greiðslur ættu að berast inn á fjárvörslureikning Sófusar lausna slf. sem mun vera samlagsfélag lögmanns stefnanda. Því var lýst yfir fyrir dómi af hálfu stefnanda að um ófullkomið bréf hefði verið að ræða þar sem stefnandi hefði ekki haft allar upplýsingar tiltækar um greiðslurnar sem inntar hefðu verið af hendi til stefnda á þessum tímavætti. Í bréfinu var ekki krafist riftunar og endurgreiðslu eldri greiðslna en 25. júlí 2018.

Sýslumanninum á Norðurlandi eystra var sent annað bréf 20. maí 2020, sama efnis hvað aðild stefnanda snerti. Í því bréfi var gerð nánari grein fyrir þeim greiðslum sem kröfur stefnanda lutu að. Þar voru tilgreindar ellefu greiðslur sem stefnda hefðu verið greiddar frá þrotabú Norðurslóðagáttarinnar ehf. frá 13. september 2018 til 1. júní 2019: 13. september 2018 500.000 krónur, 8. nóvember 2018 3.500.000 krónur, 29. janúar 2019 1.900.000 krónur, 21. febrúar 224.983 krónur og þann sama dag 600.000 krónur, 21. mars 2019 700.000 krónur, 22. mars 2019 1.000.000 krónur, 9. apríl 2019 9.211.627 krónur, 31. maí 2019 1.040.000 krónur og þann sama dag 825.084 krónur, og 1. júní 2019 214.916 krónur. Samtals var þannig krafist 19.717.380 króna. Lýst var yfir riftun vegna þessara greiðslna með vísan til 134. gr. og 141. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. á þeim grunni að greiðslurnar hefðu farið fram eftir frestdag eða innan sex mánaða fyrir frestdag. Þá voru einnig tilgreindar sex greiðslur sem átt hefðu sér stað á tímabilinu 9. nóvember 2016 til og með 22. febrúar 2018, samtals að fjárhæð 8.974.814 krónur. Þessar greiðslur voru taldar vera stefnda ótilhlýðilega til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og var vísað í þeim efnis til gagna um innheimtuaðgerðir af hálfu stefna. Skorað var á sýslumann að greiða þessar fjárkröfur, samtals að fjárhæð 28.692.194 krónur, inn á nánar tilgreindan fjárvörslureikning Sófusar lausna slf. eigi síðar en klukkan 12:00 22. maí 2020. Ella yrði litið svo á að sýslumaður neitaði að greiða og þá yrði krafan auk dráttarvaxta frá 14. apríl 2020 og málskostnaðar, heimt með aðstoð dómstóla.

Tölvubréf mun hafa borist frá lögmanni stefnanda 28. maí 2020 til Sýslumannsins á Norðurlandi eystra þar sem krafa stefnanda sem sett hafði verið fram á grundvelli 134. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. lækkuð um 1.040.000 krónur, í 18.677.380 krónur. Tilefnið mun hafa verið það að starfsmenn sýslumanns höfðu orðið varir við villu í

sundurliðun fjárhæða í bréfi stefnanda en samtölu tveggja talna hafði verið bætt við sundurliðunina, þrátt fyrir að fjárhæðir beggja greiðslanna væri þar einnig að finna.

Stefndi brást við síðastgreinda bréfinu og tölvubréfinu. Í bréfi stefnda, sem sent var 29. maí 2020, kom fram að fallist væri á riftun greiðslna sem átt hefðu sér stað eftir frestdag 25. janúar 2019, 14.677.380 krónur, og sex mánuðum fyrir frestdag, 4.000.000 króna. Heildarfjárhæð riftra greiðslna næmi þannig 18.677.380 krónum og var þess getið að fjárhæðin hefði verið lögð inn á fjárvörslureikning skiptastjóra en það var framkvæmt klukkan 11:39 þann dag. Því var á hinn bóginn hafnað að skilyrði væru til riftunar krafna að fjárhæð 8.978.814 krónur, sem krafist væri með vísan til 141. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., með þeim rökum að greiðsla opinberra gjalda hjá fyrirtæki í rekstri væri ekki ótilhlýðileg auk þess sem ekki væri að öðru leyti sýnt fram á að skilyrðum lagaákvæðisins væri fullnægt.

Stefnandi höfðaði mál þetta með birtingu stefnu sama dag, 29. maí 2020.

Málsástæður stefnanda

Á því er byggt af hálfu stefnanda að stefnda hafi verið kunnugt um að Norðurslóðagáttin ehf. væri ógjaldfær allt frá árinu 2016 þar til fyrirtækið var úrskurðað gjaldþrota 24. september 2019, enda hafi fyrirtækið verið í ítrekuðum vanskilum við stefnda á þessum tíma. Embætti sýslumanns hafi frá árinu 2014 gert árangurslaus fjárnám, þar á meðal sem gerðarbeiðandi, á tímabilinu 10. nóvember 2014 til 15. maí 2019 og hafi því verið fullljóst hvernig á stæði hjá fyrirtækinu og að greiðslur til stefnda skertu greiðslugetu þess verulega. Greiðslurnar hafi verið til þess fallnar að vera á ótilhlýðilegan hátt stefnda til hagsbóta sem kröfuhafa á kostnað annarra kröfuhafa, til að mynda stefnanda. Stefnda hafi ekki getað dulist það í ljósi vanskilasögunnar, samanber yfirlýsingar um eignaleysi og ógjaldfærni og vanskil á greiðsluáætlunum sem gerðar voru til lausnar vanefnda á greiðslum. Innheimtumaður stefnda. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hafi haft sérstaklega miklar upplýsingar um fjárhag og ógjaldfærni fyrirtækisins á tímabilinu sem greiðslurnar áttu sér stað þar sem embættið hafi bæði gert hin árangurslausu fjárnám og verið gerðarbeiðandi í fjölmörgum tilvikum.

Stefndi hafi viðurkennt riftunarkröfu stefnanda vegna greiðslna að fjárhæð 18.677.380 krónur þannig að engum blöðum sé að fletta um réttmæti kröfunnar. Stefndi hafi á hinn bóginn ekki staðið réttilega skil á fjárhæðinni með því að greiða hana til skiptastjóra þrotabúsins. Þar sem stefnandi gæti þessara hagsmuna fyrir hönd búsins hefði

greiðslan átt að berast lögmanni stefnanda. Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. geti skiptastjóri ekki gripið inn í hagsmunagæslu stefnanda sem kröfuhafa búsins nema greiða stefnanda kostnaðinn sem fallið hafi til vegna hagsmunagæslunnar. Því beri stefnda að endurgreiða stefnanda fjárhæðina að viðbættum vöxtum.

Hvað þá fjárhæð áhræri sem er enn umdeild milli aðila, 8.978.814 krónur, sé á því byggt að öll skilyrði 141. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. séu uppfyllt til þess að rifta þeim greiðslum enda hafi þær leitt til þess að eignir Norðurslóðagáttarinnar ehf. hafi ekki verið til reiðu til fullnustu fyrir kröfuhafa fyrirtækisins en það hafi verið ógjaldfært eða hafi orðið það vegna greiðslnanna. Stefnandi telur einsýnt að þessar greiðslur hafi falið í sér brot á jafnræðisreglum skuldaskilaréttar og orðið kröfuhöfum til tjóns.

Verði fallist á riftun á grundvelli 141. gr. laganna sé byggt á 3. mgr. 142. gr. sem kveði á um bótaskyldu þess eftir almennum reglum sem hafi hag af riftanlegri ráðstöfun. Endurgreiðslukrafan sé þannig byggð á meginreglu skaðabótaréttar og sakarreglunni en orsakatengsl séu milli tjóns stefnanda og þrotabúsins og greiðslna til stefnda. Það tjón sé sennileg afleiðing greiðslnanna. Stefndi hafi ekki verið í góðri trú þegar greiðslurnar voru móttæknar og því sé hegðun hans bæði sagnæm og ólögmæt en stefndi hafi beitt þvingunum gagnvart fyrirtækinu og fengið þannig greiðslur til sín þrátt fyrir að honum hafi verið ljóst að félagið gæti ekki greitt öllum kröfuhöfum sínum. Stefnandi sem kröfuhafi, og þrotabúið, hafi þannig orðið fyrir tjóni sem nemi þeim fjárhæðum sem stefndi fékk í sinn hlut, sem sé fjárhæð endurgreiðslukrafna samkvæmt dómkröfu.

Málsástæður stefnda

Stefndi byggir á því að ósannað sé að stefnandi fullnægi 130. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. til að höfða þetta mál og telur raunar áhorfsmál hvort ekki beri að vísa málinu frá vegna vanreifunar í þessu tilliti.

Þess er krafist af hálfu stefnda að krafa stefnanda verði lækkuð sem nemur greiðslu 18.677.380 króna sem greidd var 29. maí 2020 er stefndi féllst á riftun greiðslna sem samtals námu þeirri fjárhæð vegna greiðslna sem greiddar voru eftir frestdag að fjárhæð 14.677.390 og 4.000.000 króna sem greiddar voru á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag. Þessir fjármunir hafi svo réttilega verið greiddir skiptastjóra þrotabúsins og því sé stefnanda ekki tækt að krefjast þess að stefndi greiði sér þá aftur, enda sé það þrotabúið sem eigi þessi réttindi sem um sé að ræða.

Því er á hinn bóginn mótmælt af hálfu stefnda að forsendur séu til riftunar eldri greiðslna á grundvelli 141. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og því sé krafist sýknu af kröfu um greiðslu 8.974.814 króna, samtölu þeirra greiðslna sem stefnandi krefst riftunar á. Greiðslur opinberra gjalda frá fyrirtæki í rekstri, eins og hér var um að ræða, geti ekki talist ótilhlýðilegar.

Vanskil Norðurslóðagáttarinnar ehf. við stefnda hafi átt sér langa sögu, eða allt frá 2011, og opinber gjöld hafi verið til innheimtu hjá Sýslumanninum á Norðurlandi eystra frá 2013. Um sýslumenn gilda lög nr. 50/2014 um framkvæmdavald og stjórnarsýslu í héraði. Meðal lögbundinna hlutverka þeirra sé að annast um innheimtu opinberra gjalda samkvæmt lögum nr. 150/2019 um innheimtu skatta og opinberra gjalda, en við framkvæmd innheimtunnar beri að gæta að lágmarksreglum um skyldur stjórnvalda og réttindi borgaranna samkvæmt stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Skatturinn fari síðan með eftirlitshlutverk og leiðbeini um framkvæmd innheimtumála og gefi út verklagsreglur sem nú eru nr. 797/2016 sem innheimtumönnum stefnda sé gert að fylgja, meðal annars til að stuðla að vandaðri og samræmdri stjórnarsýslu.

Í innheimtuaðgerðum gagnvart Norðurslóðagáttinni ehf., sem stóðu um árabíl, hafi ekki verið beitt öðrum eða harðari aðgerðum en verklagsreglur skattsins hafi kveðið á um. Forsvarsmaður félagsins hafi mjög ítrekað og reglulega verið í samskiptum við sýslumann af þessu tilefni. Hann hafi sent erindi og æskt þess að gerðar yrðu greiðsluáætlanir um skuldirnar til að freista þess að afstýra eða fresta frekari innheimtuaðgerðum. Frá árinu 2018 hafi hann notið fulltingis þess lögmanns sem er forsvarsmaður stefnanda þessa máls í samskiptum við sýslumann en lögmaðurinn hafi fylgt málum eftir af miklum þunga og knúði á um fyrirgreiðslur í þágu fyrirtækisins.

Við meðferð innheimtu á hendur Norðurslóðagáttinni ehf. hafi stefndi hvorki búið yfir vitneskju um eignir sem forsvaranlegt hefði verið að taka fjárnámi né hafi forsvarsmaður félagsins bent á slíkar eignir sem þætti tækt að gera fjárnám í til tryggingar skuldum þess. Af þeim sökum hafi innheimtuaðgerðum lokið með árangurslausum fjárnámum þannig að heimild gafst til að krefjast gjaldþrots bús Norðurslóðagáttarinnar ehf. Við þá innheimtu hafi verið gætt meginreglna stjórnarsýsluréttar um meðalhóf og jafnræði, samanber til dæmis 6. gr. laga um innheimtu skatta og opinberra gjalda. Þá beri að gæta þess að ekki sé gengið harðar fram en nauðsynlegt sé til að ná fram lögætum markmiðum innheimtuaðgerðanna og gæta þannig hagsmuna stefnda.

Samkvæmt gildandi verklagsreglum beri að skora á gjaldanda að greiða kröfuna eða gera skriflega greiðsluáætlun um hana. Geri skuldarinn hvorugt beri að óska gjaldþrotaskipta ef skuldin er hærri en þrjár milljónir. Þegar gripið hafi verið til þess ráðs verði krafa um gjaldþrotaskipti ekki afturkölluð nema skuld sé að fullu greidd eða að minnsta kosti helmingur hennar og gerð greiðsluáætlun um eftirstöðvarnar til sex mánaða. Ítrekað hafi verið gripið til þessara úrræða gagnvart Norðurslóðagáttinni ehf. en þá líka gætt meðalhófs og samræmis gætt þannig að fyrirtækið hlyti sambærilega úrlausn sinna mála og aðrir í svipaðri stöðu.

Fyrirtækið var enn í rekstri er það var tekið til gjaldþrotaskipta 24. september 2019 og höfðu skuldir þess þá verið til innheimtu um árabíl og á þeim tíma reynt á flest þau innheimtuúrræði sem lög og verklagsreglur kvæðu á um. Því sé þannig harðlega mótmælt að fyrirtækið hafi verið ógjaldfært á árunum 2015 til 2019 eins og haldið hefði verið fram enda hafi innborganir borist reglulega á löngu tímabili. Greiðslu- og samningsvilji hafi þannig verið fyrir hendi af hálfu félagsins þótt það hafi átt í vanda með að greiða á tilsettum tíma enda hafi það ekki búið við reglulegar tekjur. Stefnda hafi verið gerð grein fyrir ástæðum þess hve illa gekk að greiða á réttum tíma og hafi verið kynnt áform um greiðslur meðal annars vegna væntanlegra framlaga frá alþjóðlegum stofnunum og fleira. Forsvarsmaður stefnanda hafi komið fram af hálfu fyrirtækisins í þessum efnunum og fylgt málefnum þess af festu gagnvart stefnda. Í skjóli einkahlutafélags síns standi hann nú sjálfur að því að krefjast riftunar meðal annars á þeim greiðslum sem hann stuðlaði að.

Með hliðsjón af öllu framanrituðu beri að túlka 141. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. þröngt. Ella væri verklag við innheimtu opinberra gjalda í samræmi við lög og opinberar verklagsreglur fallið um sjálft sig og vanskilainnheimta þar með. Sýkna beri þar sem engin skilyrði séu til að beita 141. gr. enda sé ákvæðið fyllingarregla með öðrum riftunarreglum XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Samkvæmt þeim reglum beri almennt að rifta greiðslum sem inntar hafi verið af hendi innan sex mánaða fyrir frestdag en rifta megi greiðslum sem greiddar hafi verið á síðustu 24 mánuðum fyrir frestdag til nákominna í skilningi gjaldþrotaskiptalaga o.fl. Allar þær greiðslur sem krafist sé riftunar á með vísan til 141. gr. séu langt utan sex mánaða frestsins og sú elsta greidd 26 mánuðum fyrir frestdag. Að mati stefnda væri mjög óeðlilegt að taka kröfu stefnanda til greina í þessu ljósi. Þá skorti alveg á skilyrði 141. gr. um að greiðslur hafi verið greiddar á ótilhlýðilegan hátt en greiðslur opinberra gjalda fyrirtækis í rekstri geti ekki verið ótilhlýðilegar.

Að mati stefnda skorti einnig algerlega á að skilyrðum 3. mgr. 142. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. sé fullnægt. Því sé mótmælt að þrotabúið hafi orðið fyrir tjóni vegna greiðslna opinberra gjalda og því engin skilyrði til að dæma stefnda til að greiða bætur, ekki samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar, sakareglunni eða öðrum reglum bótaréttar.

Til vara krefst stefndi þess að greiðsla sem innt var af hendi til skiptastjóra 28. maí 2020 verði dreginn frá kröfu stefnanda enda liggi fyrir að þar var um greiðslu hluta af þeirri fjárhæð sem krafist er samkvæmt stefnu málsins. Hvað þær greiðslur varði sem krafist er riftunar á samkvæmt 141. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. verði að leggja mat á hverja og eina greiðslu, hvort þær fullnægi skilyrðum lagaákvæðisins en á því sé byggt af hálfu stefnda að svo sé ekki og því beri að einnig lækka kröfu stefnanda af þeim sökum.

Niðurstaða

Í máli þessu er deilt um rétt stefnanda, sem kröfuhafa, til að hafa uppi riftunar- og greiðslukröfu fyrir hönd þrotabús Norðurslóðagáttarinnar ehf. á hendur stefnda vegna greiðslna fyrirtækisins á opinberum gjöldum á þremur tímabilum, eftir frestdag sem var 25. janúar 2019, á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag, 25. ágúst 2018 til 25. janúar 2019, og síðan greiðslna sem áttu sér stað enn fyrr, 9. nóvember 2016 til 22. febrúar 2018. Þá er í annan stað deilt um rétt stefnanda til að halda uppi kröfu í málinu vegna fyrrnefndu tímabilanna beggja en óumdeilt er að stefndi féllst á riftun þeirra greiðslna og greiddi þrotabúi Norðurslóðagáttarinnar ehf. samtölu þeirra, 18.677.380 krónur, 29. maí 2020, sama dag og stefnandi birti stefnu vegna málsins. Þá deila aðilar um hvort lagaskilyrði séu til þess að rifta eldri greiðslum, sem greiddar voru á tímabilinu 9. nóvember 2016 til 22. febrúar 2018, og dæma stefnanda til að endurgreiða þær.

Í upphafi málflytningu var því lýst yfir af hálfu stefnanda að þar sem segði í stefnu málsins að þrotabúið hefði innt greiðslur af hendi til stefnanda áður en til gjaldþrots kom væri átt við að fyrirtækið hefði staðið að þeim greiðslum, enda færðust réttindi fyrst til þrotabús við gjaldþrot, samanber til dæmis 3. mgr. 22. gr. laga um meðferð einkamála. Af hálfu stefnda var ekki gerð athugasemd við þessa leiðréttingu sem verður þannig lögð til grundvallar.

Það athugist jafnframt að dómkröfur stefnanda hafa málsástæður að geyma sem ekki eiga þar heima þótt það eitt og sér leiði ekki til frávísunar, samanber til dæmis dóm Hæstaréttar í máli nr. 277/2001 frá 25. október 2001.

Hvað varðar heimild stefnanda sem kröfuhafa til að halda uppi hagsmunum þrotabúsins gagnvart stefnda liggur fyrir að skiptastjóri Norðurslóðagáttarinnar ehf. efndi ekki til málsóknar innan málshöfðunarfrests samkvæmt 1.mgr. 148. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Stefnandi hefur staðhæft að skiptastjórinn hafi samþykkt að stefnandi efndi til málsóknar á hendur stefnda. Fyrir liggur að skiptastjórinn hefur á engu tímamarki gripið inn í atburðarás þessarar málsóknar, eins og honum hefði þó verið tækt, sbr. 3. mgr. 130. gr., sömu laga en engum vafa er undirorpið að honum er kunnugt um málshöfðunina vegna þeirrar greiðslu sem stefndi greiddi og lýsti síðan í kjölfarið í þrotabúið. Þá liggur líka fyrir að stefndi hefur tekið heimild stefnanda og lögmanns hans góða og gilda við umfjöllun um mál þetta á fyrri stigum. Þannig eru engir fyrirvarar hafðir uppi eða athugasemdir gerðar í bréfi sem ritað var af hálfu stefnda 29. maí 2020. Verður því lagt til grundvallar að stefnanda hafi verið heimilt að efna til málshöfðunar þessarar, enda liggur fyrir að skiptastjóri hefur samþykkt hluta af kröfu hans þannig að skilyrði 130. gr. um að kröfu stefnanda hafi ekki verið hafnað er uppfyllt. Verður málinu hvorki vísað frá dómi án kröfu, eins og stefndi vakti athygli á, né stefndi sýknaður á þessum forsendum.

Fyrir liggur óumdeilt að stefndi viðurkenndi riftun þeirra greiðslna opinberra gjalda sem áttu sér stað á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag og þeirra greiðslna sem áttu sér stað eftir frestdag, samtals að fjárhæð 18.677.380 krónur. Einnig er óumdeilt að stefndi greiddi þessa fjárhæð til skiptastjóra sama dag og stefnandi efndi til þessarar málsóknar. Þrátt fyrir þetta hefur stefnandi ekki lækkað dómkröfu sína, með þeim rökum að skiptastjóri hafi ekki verið réttur viðtakandi greiðslunnar heldur hefði átt að greiða lögmanni stefnanda fjárhæðina þar sem hann hefði krafið stefnda um hana.

Þessi máltilbúnaður á ekki við rök að styðjast. Bæði er til þess að líta að skiptastjóri er í starfi sínu sem slíkur opinber sýslunarmaður samkvæmt 3. mgr. 77. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og fer sem slíkur með öll störf sem lúta að meðferð þrotabúsins, sbr. 1. mgr. 77. gr. Í því ljósi getur ekki komið til þess að það teljist ekki fullnægjandi greiðsla af hálfu þess sem skuldar þrotabúi fé að greiða búinu þá fjármuni. Mögulegur réttur stefnanda til að áskilja sér þóknun vegna verka sem unnin eru í þágu þrotabúsins í krafti 130. gr. laganna getur ekki haft nein áhrif þar á. Í þessu sambandi er einnig til þess að líta að stefnandi eða lögmaður hans hafa ekki framvísað neinum skilríkjum, svo sem umboði, því til stuðnings að þeir hafi heimild skiptastjóra til að veita greiðslum viðtöku en stöðuumboði til slíkrar viðtöku verður ekki fundinn staður í 130. gr. Loks hefur ítrekað

verið leyst úr því fyrir dómi að það að veita fjármunum viðtöku felst ekki í almennri hagsmunagæslu lögmanns til að koma fram fyrir hönd skjólstæðings síns, samanber til dæmis dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 214/1996 frá 12. febrúar 1997. Þannig liggur fyrir að stefndi greiddi margnefnda fjárhæð, 18.677.380 krónur, réttilega til skiptastjóra þrotabús Norðurslóðagáttarinnar ehf.

Kemur því næst til úrlausnar hvort greiðsla sýslumanns hafi farið fram fyrir málshöfðun þannig að stefndi verði sýknaður af kröfunni eða hvort líta beri svo á að stefndi hafi viðurkennt dómkröfu stefnanda að þessu leyti, sbr. 1. mgr. 98. gr. laga um meðferð einkamála, þannig að horfa verði til þeirrar aðstöðu við úrlausn um rétt stefnanda til dráttarvaxta og málskostnaðar, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála. Í því samhengi er óhjákvæmilegt að horfa til þess að stefnandi er ekki skiptastjóri þrotabús Norðurslóðagáttarinnar ehf. og hefur komið fram fyrir hönd félagsins með vísan til 130. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. án þess að framvísa neinum gögnum þar að lútandi öðrum en kröfuskra þrotabúsins. Þá gerði stefnandi fyrst vart við sig í þessu hlutverki 13. mars 2020 er stefnda var sent bréf sem var ófullkomið að innihaldi, eins og lýst var yfir af hálfu stefnanda við málflutning, í bréfinu var til dæmis ekki minnst á riftun eldri greiðslna á grunni 141. gr. laganna. Því næst var stefnda ritað bréf sem dagsett er 20. maí þar sem honum var gefinn tveggja daga frestur til viðbragða að viðlagðri málshöfðun. Óumdeilt er að fjárhæð sú sem krafist var í bréfinu var röng og að fjárhæðin var ekki leiðrétt fyrir en í kjölfar samskipta starfsmanna sýslumanns við lögmann stefnanda 28. maí 2020. Greiðsla stefnda til þrotabúsins var innt af hendi árdegis næsta dag, föstudaginn 29. maí. Þann sama dag var stefna máls þessa birt. Ekki liggur fyrir hvenær dagsins það var en tilefnið mun hafa verið að 30. maí voru liðnir sex mánuðir frá lokum kröfulýsingafrests og þá mun skemmsti málshöfðunarfrestur lögum samkvæmt hafa verið liðinn, sbr. 148. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Í ljósi þess afar knappa umþóttunartíma sem stefnandi gaf stefnda til þess að taka afstöðu til krafna af hálfu þrotabús Norðurslóðagáttarinnar ehf. 20. maí 2020, og þess að stefnandi þurfti að leiðrétta þær kröfur 28. maí 2020, verður stefnda vart lagt til lasts þótt hann hafi greitt þær kröfur fyrir hádegi næsta dag, eftir að staðfesting á leiðréttingu barst frá stefnanda. Er enda ekki við stefnda að sakast að svo mjög var liðið á málshöfðunarfrestinn. Dómstólar hafa horft til þess að frestur sem gagnaðila er veittur megi ekki vera svo stuttur að óhægt sé að bregðast við innan þess frests, samanber til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í máli nr. 136/1994 frá 11. maí 1995. Í raun má velja því upp

hvort málshöfðun stefnanda, hvað þessa kröfu snertir, hafi ekki verið að ófyrirsynju í ljósi samskipta lögmanns stefnanda við starfsmenn sýslumanns daginn fyrir málshöfðunina. Í það minnsta verður ekki séð að það geti átt við rök að styðjast að taka ekki tillit til greiðslu stefnda og halda þannig upp á hann greiðsluskyldu á kröfu sem hann hefur sannanlega greitt kröfuhafanum, þrotabúi Norðurslóðagáttarinnar ehf.

Svo háttar raunar til í máli þessu að út á eitt kemur hvort litið er svo á að fjárfrafan hafi verið greidd áður en málið var höfðað, sem leiðir til sýknu, eða hvort hún var greidd augnabliki eftir málshöfðun, þannig að hún komi dómkröfunni til frádráttar. Síðara tilvikið myndi einnig leiða til sýknu af þessari kröfu þar sem ekkert stendur ógreitt eftir af henni því að krafist er dráttarvaxta frá 2. júlí 2020 að telja, ríflega mánuði eftir að krafan var greidd og vegna of skamms umþóttunartíma. Í ljósi málsatvika, þar með talið framgöngu stefnanda í aðdraganda málshöfðunarinnar, eru ekki forsendur til að líta svo á að stefndi hafi samþykkt dómkröfu stefnanda í skilningi 98. gr. laga um meðferð einkamála vegna málshöfðunarinnar. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu stefnanda.

Fyrir liggur að stefndi hefur ekki viðurkennt riftun eða greiðsluskyldu vegna sex greiðslna sem Norðurslóðagáttin ehf. greiddi á tímabilinu 9. nóvember 2016 til 22. febrúar 2018. Krafa stefnanda um riftun þessara greiðslna og greiðslu fjárhæðar sem þeim nemur er sett fram á grundvelli riftunarheimildar 141. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. sem er svohljóðandi:

Krefjast má riftunar ráðstafana sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, leiða til þess að eignir þrotamannsins verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiða til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns, ef þrotamaðurinn var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og sá sem hafði hag af henni vissi eða mátti vita um ógjaldfærni þrotamannsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin væri ótilhlýðileg.

Úr því hefur verið leyst fyrir dómstólum að öll skilyrði ákvæðisins þurfi að liggja fyrir til þess að reynt geti á grundvelli þess, samanber dóm Hæstaréttar í máli nr. 527/2016 frá 15. júní 2017.

Þegar mat er lagt á hvort ákvæði 141. gr. eigi við í máli þessu verður fyrst að halda því til haga að greiðslur þær sem krafan lýtur að voru inntar af hendi nokkuð löngu fyrir frestdag vegna gjaldþrotaskiptanna, sem var 25. janúar 2019. Yngsta greiðslan sem krafist er riftunar á fór fram 22. febrúar 2018, um það bil ellefu mánuðum fyrir frestdag

og elsta greiðslan 9. nóvember 2016, ríflega tveimur árum fyrir frestdag. Þá hefur að mati dómsins þýðingu við hvaða aðstæður greiðslurnar fóru fram og af hvaða tilefni. Gildir það sérstaklega við mat á skilyrði ákvæðisins um að ráðstöfun sé á ótilhlýðilegan hátt kröfuhafa til hagsbóta. Eins og áður er komið fram fólust rekstrartekjur fyrirtækisins að litlu leyti í sölu á árunum 2016 og 2017 heldur voru að uppistöðu til styrkir, enda kemur fram í ársreikningunum að fyrirtækið hafi verið að þróa hugbúnað. Við aðstæður sem þessar, að fyrirtæki er á þróunarstigi og hefur takmarkaðar tekjur, er þess að vænta að upp safnist skuldir ef fjármögnun er ekki tryggð eftir öðrum leiðum. Við þær aðstæður er þess einnig að vænta að kröfuhafar hlutist til um innheimtu krafna sinna sem eru í vanskilum, eftir atvikum með aðgerðum samkvæmt lögum nr. 90/1989 um aðför, sbr. til dæmis 10. tölulið 1. gr. laganna hvað kröfur stefnda snertir, og krafist gjaldþrotaskipta í samræmi við 2. mgr. 65. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Það að beita lögbundnum úrræðum eins og innheimtu óumþættra krafna í samræmi við aðfararlög fellur að mati dómsins ekki að skilyrðum 141. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Það að slíkar aðgerðir leiði til þess að skuldari greiði inn á skuld sína er síðan næsta venjulegur framgangur sem lög beinlínis gera ráð fyrir og er ætlað að stuðla að. Það að fylgja lagafyrirmælum við innheimtuaðgerðir felur á engan hátt í sér að kröfuhafinn afli sér réttinda á ótilhlýðilegan hátt.

Af fræðiumfjöllun má ráða að hugtakið ótilhlýðilegur feli í sér siðferðilegt gildismat þannig að háttsemi sé í það minnsta óviðeigandi. Að fylgja aðfararlögum og lögum um gjaldþrotaskipti við heimtu vanskilakrafna fellur ekki að inntaki þessa hugtaks. Breytir í þessu sambandi engu þótt löggjafinn hafi skipað málum svo að embætti sýslumanna annist bæði innheimtu opinberra gjalda og framkvæmd aðfarargerða. Sú aðstaða ein og sér skapar ekki hlutrænt ótilhlýðilegar aðstæður. Þá eru engar vísbendingar fyrirleggjandi í málinu um að starfsmenn sýslumanns hafi á einhvern hátt farið út fyrir lögbundnar heimildir sínar við rækslu starfa sinna, hvað þá að það hafi verið gert með saknæmum og ólögætum hætti.

Óumdeilt er að stefnda var kunnugt um greiðsluerfiðleika Norðurslóðagáttarinnar ehf. en stefnda var einnig gerð ítarleg grein fyrir eðli rekstrar félagsins sem og hvers væri að vænta um tekjur sem félagið ætti von um að fá erlendis frá, meðal annars af forsvarsmanni stefnanda sem var þannig einnig mjög kunnugur fjárhagsmálefnum fyrirtækisins. Um það bera gögn málsins vitni, sem meðal annars stafa frá stefnanda. Í því ljósi verður ekki fallist á að grandsemiskilyrði 141. gr. sé uppfyllt þar sem stefnda

var ítrekað kynnt að von væri á háum greiðslum en að auki var fyrirtækið rekið í meira en eitt og hálf ár eftir að yngsta greiðslan, frá 22. febrúar 2018, fór fram. Ekki hefur þannig heldur verið sýnt fram á orsakasamband milli þessara greiðslna og ógjaldfærni félagsins, eins og áskilið er í ákvæðinu.

Með hliðsjón af öllu framanröktu verður stefndi einnig sýknaður af kröfu stefnanda um greiðslu 8.974.814 króna vegna greiðslna sem Norðurslóðagáttin ehf. greiddi stefnda á tímabilinu 9. nóvember 2016 til og með 22. febrúar 2018.

Í ljósi þess að stefndi hefur verið sýknaður öllum kröfum verður stefnandi dæmdur til að greiða málskostnað í samræmi við 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála með hliðsjón af umfangi málsins.

Eggert Páll Ólason lögmaður flutti málið af hálfu stefnanda og Ólafur Helgi Árnason lögmaður fyrir stefnda.

Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, Logis lögmannna ehf. Stefnandi greiði stefnda 900.000 krónur í málskostnað.

Björn L. Bergsson